



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

28. nóv. 2019 – Pistill nr. 64

Kæru Mývetningar nær og fjær. Það eru þvítík forréttindi að búa við þá fegurð sem hér blasir við dag eftir dag, hér er málverk náttúrunnar í sinni fegurstu og tærustu mynd. Veturinn í Mývatnssveit er auðvitað paradís og nú hefur Mývatnsstofa með stuðningi sveitarfélagsins ákveðið að halda vetrarhátíð í nokkra daga í mars þar sem boðið verður upp á fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa. Þetta verður nokkurs konar hátíð í sveit og er undirbúningur hafinn hjá Mývatnsstofu. Verður spennandi að sjá hvernig þetta verkefni þróast.




Frá íbúafundinum um sormál sem haldinn var í Skjólbrekku.

### Umhverfismál í brennedepli – Góður íbúafundur um sormál


Síðastliðinn mánudag var haldinn íbúafundur í Skjólbrekku um sormál í sveitarfélaginu á vegum starfshóps um lífrænan úrgang, í samræmi við umhverfisstefnu Skútustaðahrepps.

Í byrjun fundar kynnti sveitarstjóri skýrslu um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi sem unnin var af sameiginlegum starfshóp landshlutasamtakanna Eypings og SSNV. Í henni

kemur m.a. fram að 38 þúsund tonn af sorpi falla til árlega á Norðurlandi, þar af 59% frá fyrirtækjum og 41% frá heimilum. Þá er endurvinnsla á svæðinu 23% en urðun 53% í Stekkjarvík við Blönduós, sbr. myndin að neðan.




Staða endurvinnslu í sveitarfélögum á Norðurlandi árið 2018 er með misjöfnum hætti. Miðað við þau markmið sem sett hafa verið fram um endurvinnsluhlutfall frá heimilum þá stendur Skútustaðahreppur vel að vígi og vantar hársbreidd upp á að ná 55% endurvinnsluhlutfalli árið 2025.



Helgi Pálsson hjá Terra (áður Gámaþjónustan) fór yfir stöðu mála í Mývatnssveit. Árið 2015 gerðu Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit þróunarsamning við Gámaþjónustuna um breytingar á sorppjónustu eftir að Sorpsamlag Þingeyinga var lagt niður. Tekin var upp sorpflokkun með þremur tunnnum; fyrir plast, pappír og almennt sorp. Þá gerðu bæði sveitarfélög gámasvæði og fyrirtæki þurftu að sjá um sitt sorp sjálf. Fram kom hjá Helga að 2015 féllu til 373,8 tonn af sorpi í Skútustaðahreppi, þar af var 87,9% urðað en endurvinnsla var 12,1%. Síðan þá hefur magn sorps aukist mikið, á seinasta ári féllu til 641,8 tonn af sorpi. En að sama skapi hefur náðst góður árangur í endurvinnslu því hlutfallið jókst í 21% en urðunarhlutfallið var um 70,6%.

Helgi fór yfir nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa í huga við flokkun og aðkomu á gámasvæðinu. Afar mikilvægt er t.d. að flokka gler. Þá er mikilvægt að annað plast en umbúðir sé ekki blandað saman við umbúðaplast. Þá er mikilvægt fyrir bændur að skila vel frá sér heyrúlluplasti en gerðar eru auknar kröfur um hreinleika og verður breytt fyrirkomulag á því í vetur.



Jóhanna Katrín með fyrirlestur sinn.

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir formaður umhverfisnefndar Skútustaðahrepps fór yfir hlutverk starfshóps Skútustaðahrepps um lífrænan úrgang. Hlutverk verkefnisins er að lágmarka umhverfis- og fjárhagslegan kostnað af lífrænum úrgangi – og helst af öllu að nýta hann til gagns. Í starfshópnum eru Jóhanna Katrín og Arna Hjörleifsdóttir frá Skútustaðahreppi, Arnheiður Rán Almarsdóttir frá

Reykjahlíðarskóla, Valērija Kiškurno frá Fjöreggi og Daði Lange Friðriksson frá Landgræðslunni. Stýrihópurinn hefur skipt verkefni sínu upp í fimm áfanga. Núna stendur þriðji áfangi yfir sem er skipulögð tilraunastarfsemi en nú standa yfir mismunandi tilraunir á mismunandi stöðum í sveitarfélaginu, bæði á vegum einstaklinga og sveitarfélagsins.

Ýmsar áskoranir eru fyrir hendi sem þarf að huga vel að eins og; smithætta, akstur er alltaf kostnaðarsamur úr Mývatnssveit, jarðgerðarstöðvar eru dýrar og dreifðar, Mývatnssveit er 300 metra yfir sjávarmáli og svo áhugi og þolgæði einstaklingsins. Jóhanna Katrín fór yfir þekktar lausnir þegar kemur að lífrænum úrgangi, stöðuna hjá nágrönnum okkar og verkefni í Mývatnssveit. Þar má nefna lífrænan úrgang (ekki kjöt og fisk) sem settur er í holu, hænur í heimahúsi, jarðgerðartunnur í skólanum og hreppsskrifstofu, sérstakar úrgangsfötur þar sem bokashi-sagi er stráð yfir og bakteríur hefja gerjunina o.fl. Áfram verður haldið með þetta og fleiri verkefni þar sem sveitarfélagið skoðar næstu skref. Í lok fundar voru umræður þar sem fram komu ýmsar hugmyndir og ábendingar fyrir starfshópin til að skoða.

### Starfsemi leikskóla milli jóla og nýárs 2019

Undanfarin ár hefur það sýnt sig að margir foreldrar nýta ekki dagana milli jóla og nýárs í leikskólanum en eru þegar að borga fyrir þá. Því hefur sveitarstjórn ákveðið að bjóða foreldrum leikskólabarna afslátt af leikskólagjöldum og starfsfólki leikskólans og eldhússins lengra jólafrí í desember 2019.

Ákveðið hefur verið að lækka dvalargjaldið í desember sem nemur tveimur dögum, þ.e. föstudaginn 27. og mánudaginn 30. desember 2019 fyrir þá sem ekki nýta sína dvalartíma. Ef foreldri þarf leikskóladvöl fyrir barnið sitt dagana milli hátíðanna, þá þarf að láta leikskólastjóra vita fyrir 6. desember með tölvupósti á [ingibjorg@skutustadahreppur.is](mailto:ingibjorg@skutustadahreppur.is). Að öðrum kosti er gert ráð fyrir því að barnið verði í jólafríi frá jólum og fram á nýtt ár.

Vonandi mun ofangreind ákvörðun Skútustaða-  
hrepps gefa tækifæri til jákvæðrar samveru yfir  
hátiðirnar.

Leikskólinn opnar aftur eftir jólafrí fimmtudaginn 2.  
janúar kl. 8.10.



*Frá framkvæmdum við lagningu 1. áfanga göngu- og hjólastígs.  
Fyrsti áfangi er á milli Reykjahlíðar og Dimmuborga.  
Mynd: Helgi Héðinsson.*

### **Framkvæmdir hafnar við gerð fyrsta áfanga göngu- og hjólastígs**

Nú eru hafnar framkvæmdir við 1. áfanga göngu- og  
hjólastígs við Mývatn. Um brýnt umferðaröryggismál  
er að ræða sem auka mun lífsgæði Mývetninga og  
gesta okkar. Jafnframt verður tækifærið notað og  
hitaveitulögn endurnýjuð að hluta á kafla sem hefur  
verið til vandræða undanfarin ár. Göngu- og hjóla-  
stígur var forgangsmál við gerð umferðaröryggis-  
áætlun sveitarfélagsins og í áfangastaðaáætlun  
Norðurlands.

### **Gullsandur á Hólasandi**

Á fundi skipulagsnefndar voru samþykktar umsóknir  
um að stofna þrjár lóðir sem sveitarstjórn hefur svo  
staðfest. Um er að ræða lóðina Klettholt í landi  
Voga 2 og 4, Voga 3 og svo lóðina Gullsand sem er  
á Hólasandi en þar er verið að byggja safntank fyrir

svartvatn. Þetta skemmtlega nafn Gullsandur kemur  
frá landeigendum á Grímsstöðum.

### **Breytingar á nefndastarfi**

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram bréf frá Örnunni  
Hjörleifsdóttur sem óskar formlega eftir því vegna  
anna í starfi að vera leyst undan skyldum sínum  
sem fulltrúi í umhverfisnefnd Skútustaðahrepps,  
sem fulltrúi Skútustaðahrepps í náttúruverndar-  
nefnd Þingeyinga og sem fulltrúi Skútustaðahrepps  
í stjórn Náttúrustofu Norðausturlands.

Sveitarstjórn samþykkti beiðni Örnunni og þakkaði  
henni fyrir farsælt nefndarstarf í þágu  
sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að skipa  
eftirfarandi fulltrúa Skútustaðahrepps í viðkomandi  
nefndir í stað Örnunni:

Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps: Alma Dröfn  
Benediktsdóttir.

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga: Jóhanna Björg  
Jóhannsdóttir verður fulltrúi Skútustaðahrepps.

Stjórn Náttúrustofu Norðausturlands: Jóhanna  
Katrín Þórhallsdóttir.

### **Jólasveinafjörð að byrja í Dimmuborgum**

Jólasveinarnir í Dimmuborgum taka á móti gestum  
30. nóvember - 24. desember frá kl 11:00 - 13:00  
alla daga. Um sannkallaðan ævintýraheim er að  
ræða fyrir alla fjölskylduna. 18 ára og eldri greiða  
1.500 kr. í Grýlusjóð. 12-17 ára greiða 500 kr. í  
Grýlusjóð miðasala á tix.is

### **Markaðsdagur og jólabað**

Jólasveinateiti, markaðsdagur og hið árlega  
jólabað jólasveinanna verður haldið laugardaginn 7.  
desember en þetta eru ómissandi viðburðir á  
aðventunni. Jólasveinateiti er frá kl. 11:00 - 13:00.  
Jólabað jólasveinanna verður í Jarðböðunum er kl.  
16:00.

Árlegur jólamarkaður í Jarðböðunum frá kl 14:00 -  
18:00.

Handverk, jólasteikin, jólagjafirnar og allt tilheyrandi  
fyrir gesti og gangandi.

## Ókeypis rútuferð í sundlaugina á Laugum

Skútustaðahreppur býður áfram upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð verður laugardaginn 30. nóvember n.k. Fyrirkomulagið er eftirfarandi: Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 10.30 laugardaginn 30. nóvember n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn. Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) – eða með því að hringja í 46 46 660 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.



## Starri í Garði – Aldarminning

Í tilefni aldarafmæli Starra verður haldin samkoma í Skjólbrekku sunnudaginn 1. desember kl. 15.00.

Erindi:

- Benedikt Sigurðarson frá Grænavatni
- Sigrún Huld Þórgrímsdóttir frá Garði.

Menningarfélagið Gjallandi sýnir brot úr upptöku á revíunni Leirhausinn.

Nokkrir Mývetningar lesa upp vísur Starra.

Fjöldasöngur. Stjórnandi Steinþór Þráinsson.

Samkomunni stýrir Benedikt Sigurðarson.

Boðið verður upp á kaffi og kleinur.

Þórgímur Starri Björgvinsson bóndi í Garði í Mývatnssveit fæddist þann 2. desember 1919.

Hann var landsþekktur hagrýðingur og

baráttumaður auk þess sem hann skemmti á nánast öllum samkomum sveitarinnar um langt árabil, með kveðskap og gamanmálum. Revían Leirhausinn var sýnd í tvígang við miklar vinsældir, en hann samdi leikritið og sr. Örn Friðriksson tónlistina. Skútustaðahreppur styrkir samkomuna.



**Hrós dagsins...** Fá Starfsmenn áhaldahússins fyrir að koma með jólin til okkar!

## Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa formlega og óformlega fundi að undanfögnu og má þar nefna hjá stýrihóp Nýsköpunar í norðri, stýrihóp sem endurskoðar Mannauðsstefnu sveitarfélagsins, Aðalfund Eypings sem haldinn var á Dalvík, málþing um umferðaröryggismál á vegum Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem ég var m.a. með erindi um umferðaröryggisáætlun Skútustaðahrepps, forstöðumannafund, skipulagsnefnd, skóla- og félagsmálanefnd, samstarfsnefnd sem skoðar sameiningu sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, samráðsvettvang sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, vinnuhóp um stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, með Landsvirkjun, í sundlaugarnefnd og margt fleira. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**